



Grímur Kárason, slökkviliðsstjóri Norðurbings
Norðurgarður 56
640 Húsavík

13. desember 2022
Tilvísun: 202212336

Efni: Svarbréf vegna erindis um fyrirhugaða stórþaravinnslu á Húsavík

Vísað er til erindis, dags. 22. nóvember 2022, þar sem Grímur Snær Kárason, slökkviliðsstjóri Norðurbings óskar eftir því að Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS) veiti álit eða staðfesti þær athugasemdir sem fram koma í vinnuskjali hans er varðar geymslu og meðhöndlun hættulegra efna í fyrirhugaðri stórþaravinnslu á Húsavík.

Af gefnu tilefni telur HMS rétt að rekja í stuttu máli hlutverk sitt á sviði brunamála en stofnunin hefur eftirlit með framkvæmd laga um brunavarnir nr. 75/2000 og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Það gerir HMS meðal annars með því að vinna að samræmingu brunavarna í landinu og stuðlar að samvinnu þeirra sem starfa að brunavörnum, eins og það hlutverk er nánar skilgreint í II. kafla laga um brunavarnir, II. kafla laga um mannvirki nr. 160/2010 sem og I. kafla laga um Húsnæðis- og mannvirkjastofnun nr. 137/2019.

Í lögum nr. 75/2000 um brunavarnir kemur fram að markmið laganna er að vernda líf og heilsu manna, eignir og umhverfi með því að tryggja fullnægjandi eldvarnareftirlit, forvarnir og viðbúnað við eldsvoðum og mengunaróhöppum á landi. Samkvæmt 11. gr. sömu laga er sveitarfélagi skylt að sjá til þess að starfsemi slökkviliðs fullnægi kröfum samkvæmt lögum og reglugerðum á grundvelli þeirra.

Í 24. gr. laga um brunavarnir er fjallað um þau mannvirki sem af stafar sérstök eldhætta eða hætta á mengun frá mannvirki eða lóð þess. Þessi grein tekur bæði til nýbyggðra mannvirkja og mannvirkja sem tekin hafa verið í notkun. Í greininni kemur fram að skylt er að láta fara fram sérstaka brunahönnun á mannvirki og/eða lóð þegar um er að ræða nýtt mannvirki þar sem af fyrirhugaðri starfsemi stafar sérstök eldhætta eða þar sem margir starfa, koma saman, fara um eða dveljast eða þar sem hætta er á stórfelli eignartjóni í eldsvoða. Í tilvikum sem þessum skal brunahönnun lögð fyrir byggingarnefnd til samþykktar, sé hún til staðar, að öðrum kosti byggingarfulltrúa. Byggingarnefnd eða byggingarfulltrúi skal leita álits slökkviliðsstjóra um brunahönnun áður en hún er samþykkt.

Í 9.2 kafla byggingarreglugerðar nr. 112/2012 er fjallað um hönnun brunavarna. Með hönnun brunavarna bygginga og annarra mannvirkja skal vera tryggt og sýnt fram á að öryggi viðkomandi mannvirkja sé fullnægjandi. Í 9.2.4. gr. er fjallað um kröfu til brunahönnunar og áhættumats. Ávallt getur leyfisveitandi farið fram á að gerð sé brunahönnun og áhættumat fyrir mannvirki og lóðir í tengslum við veitingu byggingarleyfis en í sumum tilfellum skal ávallt krefjast brunahönnunar. Í d. lið. 9.2.4. gr. kemur fram að ávallt skuli krefjast brunahönnunar í mannvirkjum þar sem hættuleg starfsemi

eða þar sem vænta má stórbruna eða sprengingar geti orðið vegna starfseminnar, s.s. birgðageymslu eða framleiðsla eld- og sprengifimra efna, eldnærandi efna, eitrefna og efna sem geta valdið mengun í umhverfinu. Staðsetja ber og hanna slík mannvirki þannig að hættan í nánasta umhverfi sé í lágmarki, t.d. vegna varmageislunar, reyks, eitrunar og þrýstings vegna sprengingar. Einnig skal ávallt krefjast brunahönnunar í mannvirkjum með stærri samanlagðan gólfhlöt en 2.000 m² og mannvirkjum sem eru þannig gerð, staðsett eða starfsemi innan þeirra sé þess eðlis að slökkvilið sé á einhvern hátt vanbúið til að ráða við eld í því, sjá nánar í 9.2.4. gr. byggingarreglugerðar.

Varðandi geymslu og meðhöndlun hættulegra efna samkvæmt alþjóðlegri flokkun Hazardous materials/dangerous goods teljast þau efni sem upp eru talin í vinnuskjali slökkviliðsstjóra sem hættuleg. Hættuleg efni eru m.a. skilgreind í evrópsku CLP-reglugerðinni þar sem tilgreindar eru þær hættur sem af þeim geta stafað¹. Sé miðað við birgðir til framleiðslu séu að lágmarki til tveggja vikna en hámarki fjögurra vikna og hámarks magn þar af leiðandi 30-60 tonn af hættulegum efnum í geymslu á hverjum tímapunkti. Viðbrögð við lekum á hættulegum efnum er staðlað ferli hjá viðbragsaðilum samanber kennsluefni Brunamálaskólans² og alþjóðlegt kennsluefni í viðbrögðum við efnavá. Rýmingaradíus vegna leka á hættulegum efnum getur verið allt frá 50 m og upp í 1,5 km frá upphafsstað en það fer eftir aðstæðum og umfangi leka. Þegar áætlað er að geyma allt að 40 tonn af efnum á hverjum tímapunkti er nauðsynlegt að gerðar séu ráðstafanir til að lágmarka líkur á hættuástandi. Slíkar ráðstafanir geta falið í sér að geymslustaður áður nefndra efna sé ekki nálægur samfélagslega mikilvægum mannvirkjum, þar sem starfsemi viðbragðs vegna áfalla í samfélaginu er nauðsynleg s.s. sjúkrahús, lögreglustöðvar, slökkvistöðvar og annað sambærilegt. Einnig þarf að huga að ríkjandi vindáttum vegna möguleika á dreifingu eitraðra gastegunda sem myndast geta við hættuástand. Æskilegt er að staðsetning efnageymslu af þessu tagi valdi ekki aukinni hættu fyrir almenning í þegar byggðu umhverfi eða skipulögðum íbúðahverfum.

Ávallt skal vinna áhættumat fyrir mannvirki og starfsemi á lóðum sem talin eru sérstaklega varasöm m.t.t. eld- eða sprengihættu, eru samfélagslega mikilvæg, geta skapað almannahættu, geta haft mikil áhrif á mögulega landnotkun eða geta valdið alvarlegum umhverfisspjöllum við bruna, sbr. 9.2.4. gr. byggingarreglugerðarinnar.

Ljóst er að áður en starfsemi sem felur í sér geymslu og notkun á miklu magni af hættulegum efnum er valin staðsetning er nauðsynlegt að framkvæmt sé áhættumat. Framkvæma þarf áhættumat samkvæmt viðurkenndum aðferðum og út frá niðurstöðum er hægt að ákvarða nauðsynlegar mótvægisáðgerðir, s.s. fjarlægðir frá óskyldum mannvirkjum, búnaður til að lágmarka afleiðingar atviks o.fl. Þegar dregnar eru saman niðurstöður áhættumats og aðrir takmarkandi þættir starfsemi í eina heild er hægt að ákvarða um staðarval sem lögbundnar kröfur. Ef að við gerð áhættumats koma fram óásættanlegar áhættur sem ekki er hægt að minnka með mótvægisáðgerðum er ljóst að ekki er hægt

¹ REGULATION (EC) No 1272/2008 OF THE EUROPEAN PARLIAMENT AND OF THE COUNCIL

² Slökkvistarf. Brunamálaskólinn 2016



að staðsetja starfsemina á þeim stað. Er þá nauðsynlegt að finna ætlaðri starfsemi nýjan stað, minnka áhættuna með markverðum hætti svo hægt sé að endurmeta stöðuna.

Í ljósi ofangreindra atriða gerir HMS ekki athugasemdir við aðferðir og upplýsingar er koma fram í minnisblaði Slökkviliðs Norðurbings er varðar geymslu og meðhöndlun hættulegra efna. Mat slökkviliðsstjóra er byggt á viðurkenndum aðferðum viðbragðsaðila við mat á aðstæðum við slökkvistarf. Ekki liggja fyrir gögn um að framkvæmt hafi verið áhættumat á fyrirhugaðri starfsemi, aðflutningum eða geymslu þeirra efna sem um ræðir. HMS áréttar mikilvægi þess að unnið sé áhættumat og brunahönnun fyrir mannvirki þar sem fyrirhuguð er hættuleg starfsemi sem sérstök eldhætta stafar af áður en ákvörðun er tekin um staðarval. Enn fremur að leitað sé áhlits slökkviliðsstjóra um brunahönnunina áður en hún er samþykkt af viðkomandi byggingarnefnd og sveitarstjórn.

Virðingarfyllt,
f.h. Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar

Regína Valdímarsdóttir,
teymisstjóri brunavarnasviðs

Grétar Þór Þorsteinsson,
sérfræðingur á brunavarnasviði